



Fundargerð

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs - 162. fundur stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs haldinn í Laugarfelli og fjarfundi, mánudaginn 13. september 2021, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps,
Friðrik Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulspjóðgarðs,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs,
Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður á austursvæði,
Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður á norðursvæði - hálendi,
Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulspjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulspjóðgarðs,
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri öryggis- og skipulagsmála,
Ragna Fanney Jóhannsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á austursvæði,
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjóðgarðs.

Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Matthildur Ásmundardóttir, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,

1. Svæðisráð norðursvæðis - 83 - 2108002F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

2. Svæðisráð norðursvæðis - 84 - 2109003F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis

3. Svæðisráð austursvæðis - 104 - 2108006F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

4. Austursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarðar - 2006023

Þjóðgarðsvörður á austursvæði fór yfir málin.

Gestir

Agnes Brá Birgisdóttir, þjóðgarðsvörður á austursvæði - 13:00

Ragna Fanney Jóhannsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 13:00

Þjóðgarðsvörður kynnti helstu verkefni og áherslur innan Austursvæðis. Farið var í vettvangsferð í nágrenni Laugarfells.

5. Rekstur 2021 - 2101030

Fyrir fundinum lágu upplýsingar frá fjármálastjóra um rekstur þjóðgarðsins í júlí og ágúst

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:30

Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri stofnunarinnar eftir fyrstu sjö mánuði ársins. Staðan er í ágætu jafnvægi en þó eru ennþá óvissuþættir varðandi sértekjur sem þarf að fylgjast vel með.

6. Rekstraráætlun 2022 - 2108087

Gögn undir þessum lið eru:

Bréf framkvæmda og fjármálastjóra til UAR vegna vinnu við rekstraráætlun 2022 þar sem minnt er á ýmsar forsendur sem þarf að taka tillit til varðandi rekstur 2022.

Tímaáætlun vegna vinnu við gerð rekstraráætlunar fyrir 2022.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:40

Fjármálastjóri kynnti vinnulag og tímalínu vegna vinnu við rekstraráætlun ársins 2022. Fjármálastjóri kynnti einnig bréf sem var sent umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í lok ágúst sl. vegna rekstraráætlunar næsta árs þar sem m.a. er fjallað um áætluð áhrif heimsfaraldursins á sértekjur, áhrif af styttingu vinnuvikunnar, kostnað við stækkun þjóðgarðsins og aukinn kostnað vegna nýrra gestastofa við Mývatn og á Kirkjubæjarklaustri.

Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að nýjum verkefnum fylgi fjármagn.

7. Tillaga að stækkun þjóðgarðsins - Skaftárhreppur - 2021 - 2108074

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um tillögu að stækkun þjóðgarðsins - til kynningar.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 14:00

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs - 14:00

Kynntar voru hugmyndir um stækkun þjóðgarðsins í Skaftárhreppi. Þjóðgarðurinn hefur sent ráðuneytinu áætlun um kostnað vegna stækkunarinnar og hefur sú áætlun verið samþykkt af hálfu ráðuneytisins ef af stækkun verður í Skaftárhreppi.

8. Tillaga að stækkun þjóðgarðsins - Þingeyjarsveit - 2021 - 2108018

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um tillögu um stækkun þjóðgarðsins - til kynningar.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 14:15

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs - 14:15

Kynntar voru hugmyndir um stækkun þjóðgarðsins í Þingeyjarsveit. Þjóðgarðurinn hefur sent ráðuneytinu áætlun um kostnað vegna stækkunarinnar og hefur sú áætlun verið samþykkt af hálfu ráðuneytisins ef af stækkun verður í Þingeyjarsveit.

Stjórn telur hugmyndir um stækkun þjóðgarðsins áhugaverðar og fagnar að fjármagn sé tryggt. Stjórn bendir á mikilvægi samráðs og lýsir yfir áhuga á að vinna málinu frekari framgang.

Fulltrúi SAMUT bókar að vinnubrögð við þessar stækkanir eru gagnrýniverðar hvað varðar hraðann sem gerir stjórn og svæðisráðum erfitt fyrir með eðlilega umfjöllun.

9. Stækkun þjóðgarðs - Eftirfylgni - Sandfell og Hoffellslambatungur - 2021 - 2109005

Fyrir fundinum lá áætlun um kostnað á suðursvæði vegna stækkunar þjóðgarðs - til kynningar.

Framkvæmdastjóri kynnti kostnaðaráætlun vegna stækkunar Vatnajökulspjóðgarðs á suðursvæði en stækkun var staðfest með reglugerð af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í júní sl. Áætlunin hefur verið send ráðuneytinu og er þar til umfjöllunar í tengslum við rekstraráætlun þjóðgarðsins næsta árs.

Stjórn ítrekar mikilvægi þess að nýjum svæðum innan þjóðgarðsins sé tryggt viðbótarfjármagn.

10. Stjórnunar- og verndaráætlun 3. útgáfa - Umsagnarferli - 2105079

Fyrir fundinum lágu upplýsingar vegna umsagnaferli Stjórnunar- og verndaráætlunar - til kynningar.

Gestir

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri skipulags- og öryggismála - 15:30

Kynntar voru þær umsagnir sem borist hafa í umsagnarferli vegna vinnu við 3. útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar. Allst bárust umsagnir frá 43 aðilum og stendur úrvinnsla vegna þeirra yfir m.a. í samvinnu við þjóðgarðsverði hvers svæðis. Næstu skref eru að fjalla um umsagnirnar á vettvangi svæðisráða og í framhaldinu fær stjórn þjóðgarðsins málið aftur til umfjöllunar.

Stjórn þakkar þeim sem sendu inn umsagnir, starfsfólki fyrir góða kynningu og faglega framsetningu gagna.

11. Verkefni stjórnar veturinn 2021 - 2022 - 2108019

Umræður um áherslur og helstu verkefni stjórnar á komandi vetri.

Formaður stjórnar fór yfir áætlun um helstu viðfangsefni stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs á komandi vetri.

12. MM - Heimsminjaskrá UNESCO - Úrbætur og leiðrétting - 2109006

Fyrir fundinum lá bréf til Mennta- og menningamálaráðuneytis - til kynningar

Framkvæmdastjóri kynnti bréf sem hefur verið sent mennta- og menningarmálaráðuneytinu varðandi úrbótaverkefni í tengslum við Heimsminjaskrá UNESCO.

13. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

Gestir

Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður, norðursvæði - hálendi - 16:45

Þjóðgarðsvörður á norðursvæði - hálendi upplýsti stjórn um stöðu mála á Öskjussvæði þar sem Almannavarnir hafa lýst yfir óvissustigi vegna landriss í Öskju.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:30.